# Námsáætlun fyrir stærðfræði - 2. bekkur
## skólaárið 2019 – 2020

**Kennarar:** Guðrún F. Stefánsdóttir
**Tímafjöldi:** 7 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Að geta spurt og svarað með stærðfræði** | • Tjái sig og þekki helstu hugtök stærðfræðinnar.<br>• Noti áþreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir.<br>• Tengi stærðfræði við daglegt líf. | • Innlagnir frá kennara.<br>• Stærðfræðin tengd við daglegt líf og reynslu nemenda t.d. með útikennslu.<br>• Nemendur ræða hvernig þeir fá ákveðnar niðurstöður.<br>• Einstaklings- og hópavinna. | • Könnun eftir hvern kafla í Sprota. |
| **Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar** | • Noti stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum daglegs lífs.<br>• Taki þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.<br>• Noti hentug verkfæri, þ.m.t. hlutbundin gögn, talnalínu, vasareikna og tölvur við lausn viðfangsefna. | • Fjölbreyttar kennsluaðferðir sem gera nemendum kleift að leysa stærðfræðileg viðfangsefni á eigin forsendum.<br>• Nemendur noti áþreyfanleg stærðfræðigögn s.s. kubba, teninga, málbönd o.fl. | • Könnun eftir hvern kafla í Sprota. |
| **Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar** | • Vinni sjálfstætt og í samvinnu að lausn stærðfræðiþrauta.<br>• Lesi og ræði einfaldar upplýsingar þar sem stærðfræðihugtök eru notuð. | • Innlagnir frá kennara.<br>• Einstaklings- og hópavinna.<br>• Stærðfræði tengd við aðrar námsgreinar. | • Könnun eftir hvern kafla í Sprota. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Kanni og rannsaki með því að setja fram tilgátur og geri tilraunir með áþreifanlegum gögnum. | | |
| **Tölur og reikningur** | • Þekki tölurnar 0 – 100.<br>• Kunni að nota aðgerðarmerkin + - = .<br>• Noti hugtökin plús/summa/samlagning mínus/mismunur/frádráttur.<br>• Leggi saman tölur upp í 100.<br>• Dragi frá með tölum upp í 100.<br>• Setji upp einföld dæmi.<br>• Noti talnalínu til að kynnast reikniaðgerðum.<br>• Þekki sléttar tölur og oddatölur.<br>• Kunni á klukku ( heilan og hálfan tíma).<br>• Noti tímatal (dagur – vika – mánuður).<br>• Þekki sætigildin: eining – tug – hundrað.<br>• Geti notað kennslupeninga.<br>• Geti notað vasareikni. | • Innlagnir frá kennara.<br>• Einstaklings- og hópavinna. | • Könnun eftir hvern kafla í Sprota. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Algebra** | • Kanni, búi til og tjái sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum.<br>• Spái fyrir um framhald mynsturs. | • Innlagnir frá kennara.<br>• Einstaklings- og hópavinna. | • Könnun eftir hvern kafla í Sprota. |
| **Rúmfræði og mælingar** | • Noti hugtök úr rúmfræði s.s. form, stærðir, og staðsetningar til að tjá sig um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi.<br>• áætli og mæli lengd, flöt, þyngd o.fl. með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum og noti viðeigandi mælikvarða.<br>• Spegli og hliðri flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flöt. | • Einstaklings- og hópavinna.<br>• Nemendur fá tækifæri til þess að vinna í kennslustofu, úti í náttúrunni og á öðrum stöðum sem henta. | • Könnun eftir hvern kafla í Sprota. |
| **Tölfræði og líkindi** | • Flokki, telji og skrái, lesi úr niðurstöðum sínum og setji upp í einföld myndrit.<br>• Safni gögnum í umhverfi sínu eftir áhugasviði.<br>• Beri saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlki niðurstöður sínar. | • Einstaklings- og hópavinna.<br>• Vettvangsferðir, útikennsla. | • Könnun eftir hvern kafla í Sprota. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Taki þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra. | | |

**Námsgögn:**
Sproti 2a (Frá kafla 2), Sproti 2b, og Sproti 3a (að hluta til), nemendabækur, æfingahefti og verkefnamappa.
Tíu, tuttugu – Í undirdjúpunum, samlagning og frádráttur – Verkefni fyrir vasareikna 1 og 2 – Viltu reyna, gulur, rauður grænn o.fl.
Ýmis hefti útbúin af kennurum.

**Heimavinna:**
Gert er ráð fyrir heimavinnu einu sinni til tvisvar sinnum í viku.

**Lokanámsmat:**
Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.